



**SKÁKSAMBAND
ÍSLANDS**
STOFNAD 1925

Kópavogsbær
Bæjarráð
220 Kópavogi

Reykjavík, 15. september 2023

Íslandsmót kvenna í skák í Kópavogi 2024

Íslandsmót kvenna er einn stærsti skákviðburður hvers árs.

Á næsta ári verður fertugasta Íslandsmót kvenna haldið en sögu mótsins má rekja aftur til ársins 1975 þegar fulltrúi Kópavogs á þeim, Guðlaug Þorsteinsdóttir, vann mótið aðeins 14 ára að aldri. Það yrði í fyrsta skipti að mótið væri haldið í bæjarfélaginu.

Skáksambandið óskar því eftir stuðningi bæjarfélagsins við að halda mótið í Kópavogi á komandi ári. Sá stuðningur gæti falist í fríu húsnæði, kaffiveitingum á meðan á móti stendur, fjárhagsstuðningi upp á 300.000 kr. og mögulegu lokahófi að loknu móti. Skáksambandið mun leggja til alla vinnu við mótið, verða með beinar útsendingar og útvega öll verðlaun. Skáksambandið leggur ávallt mikið upp úr umgjörð þessa móts og mun hún því verða öll hin glæsilegasta.

Þær dagsetningar sem henta best eru á tímabilinu 5.-14. febrúar og horfum við þá helst til 5.-11. febrúar. Alls sjö dagar. Gott er að enda á sunnudegi en b-flokkur, þar sem yngri stúlkur tefldu, færi einnig fram um helgina.

Með von um jákvæð viðbrögð.

Gunnar Björnsson,
Forseti Skáksambands Íslands